

Íslenskt kennsluefni í grunnnámi tónlistar 2016-17

Könnun hjá kennurum tónlistarskóla um notkun íslensks kennsluefnis í grunnnámi

ÁGRIP

Tilfni þessarar rannsóknar, sem gerð var fyrir Samband íslenskra tónbókaútgefenda (SÍTÓN), er erfið aðstaða til útgáfu tónlistarkennsluefnis á Íslandi. Brotalamirnar eru af mörgum toga. Frá hirðuleysi um opinbera tölfræði, á borð við fjölda nemenda í grunnnámi tónlistar, til algjör tómlætis, jafnvel fjandskapar, gagnvart fjárhagslegum forsendum og lögmætum réttindum höfunda og útgefenda. Engu að síður hafa nokkrir einstaklingar, sem útgefendur og höfundar, lagt fram myndarlegan skerf til að svara námsgagnabörf í tónlistarfræðslu með fjölbreyttu íslensku efni undanfarin 20-30 ár.

Ætla má að nemendur í grunnnámi tónlistar á Íslandi séu að jafnaði um 85% af heildarfjölda tónlistarnemenda (rannsókn Félags tónlistarskólakennara (FT), 2009). Markmið meginlegu rannsóknarinnar sem hér birtist var að upplýsa um framboð og notkunarumfang íslensks kennsluefnis í grunnnámi tónlistar á árinu 2016. Um leið skyldi hún gefa vísendingar um hvar helst vantaði íslenskt kennsluefni á þessu sviði og hvernig forgangsraða mætti úrbótum í þeim efnum.

Grunnaðferð rannsóknarinnar var netkönnun hjá öllum tónlistarkennurum í stéttarfélögum FT og Félags íslenskra hljómlistamanna (FÍH), alls 840 kennurum. Félögin studdu við rannsóknina með því að senda á kennarana tölvupóst sem innihélt kynningu á könnuninni og hlekk í hana. Svarhlutfall var yfir 30%, sem marktækni í lokuðu þýði miðast við. Samanburður landshluta- og námsgreinadreifingar styður marktæknina enn frekar. Í könnuninni var spurt um notkunarumfang kennara á tilgreindu kennsluefni í aðalnámsgrein (*ekkert-lítið-nokkuð-mikið*) og þeim boðið að tiltaka annað efni sem þeir væru að nota. Tilgreint kennsluefni í spurningum var skv. námsgagnalista frá versluninni Tónastöðinni.

Niðurstöðurnar sýna að yfir 160 íslensk rit voru notuð við kennslu í grunnnámi tónlistar á Íslandi árið 2016. Eru þau listuð aftast í þessari greinagerð. Svörun um notkunarumfang hvers þeirra má sjá í gröfum kaflans „Svarniðurstöður e. kennslugreinum“. Með rannsókninni tókst að afla traustra gagna til að meta notkunarumfang útgefins kennsluefnis og heppilega forgangsroðun nýs efnis. Um leið sýna niðurstöðurnar hvaða höfundar og útgefendur hafa verið leiðandi í útgáfu notadrjúgs íslensks tónlistarkennsluefnis á umliðnum 20-30 árum og veitir þeim tölfræðilega staðfestingu á sínu framlagi. Fyrir málstað SÍTÓN sem hagsmunafélags útgefenda og höfunda tónbóka eru niðurstöðurnar afgerandi. Um 48% allra íslenskra rita sem koma fram í rannsókninni reyndust vera útgefin af félagsmönnum í SÍTÓN. Eru þeir yfirleitt einnig höfundar sömu rita. Tilgreint notkunarumfang ritanna sýnir að í heild fór yfir 63% notkunar á íslensku kennsluefni fram með ritum úr ranni meðlima í SÍTÓN. Séu aðalnámsgreinarnar píanó, gítar og söngur teknar saman með 4 hópgreinum (51% svara) er notkunarumfang rita SÍTÓN-félaga um 67%. Í sjö fjölmennustu aðalnámsgreinunum (67% svara) reyndist 75% notkunar fara fram með ritum félagsmanna í SÍTÓN.